

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 70. fundur.

að Hlíðavegi 6, Fimmtudaginn 14. janúar 2010, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009.
3. Fulltrúar frá Vegagerðinni mæta til fundarins.
4. Erindi frá Norðurþingi dags. 28. des, þar sem óskað er athugasemda við tillögu að Aðalskipulagi Norðurþings 2009-2029.
5. Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þing, þar sem tekin er fyrir fjárhagsáætlun 2010.
6. Bréf frá Pétri Snæbjörnssyni f.h. stjórnar Baðfélags Mývatnssveitar dags. 6. jan.
7. Samningaumleitanir við Landeigendur Reykjahlíðar v/vatnstanks.

Til kynningar:

Afrit af bréfi Vegagerðarinnar til Sólveigar Pétursdóttur, dags. 4.jan.

Afrit af bréfi Ust til Vikingtravel/Hermanns Valssonar dags. 22.des.

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 7. desember.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 11. des.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 9. des.

Fundargerð hluthafafundar Leigufélags Hvamms dags. 9. des.

Fundargerð stjórnar DA dags. 9. des.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 7, yrði bætt á dagskránnu, Samþykkt samhljóða.

2. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009.

Breytingar á fjárhagsáætlun 2009 við endurskoðun des. 09.

Niðurstöðutölur

| | Breyting des. 09 | |
|--------------|------------------|-----------------------------|
| Aðalsjóður | - 2.159.000 | hækkun tekna umfr. gjöld |
| Eignasjóður | 10.014.000 | hækkun gjalda umfr. tekjur. |
| Þjónustustöð | 1.635.000 | |
| Veitur | 3.006.000 | |
| Leiguíbúðir | 1.613.000 | |
| Samtals | 14.109.000 | |

Þrátt fyrir að tekjur sveitarfélagsins hafi hækkað örlítið meira en ráð var fyrir gert dugir það ekki til að veða upp á móti auknum rekstrargjöldum. Stærsti hlutinn af því er aukinn kostnaður við rekstur skólanna og íþróttamiðstöðvar auk hækkunar verðlags umfram það sem ráð var fyrir gert.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun var samþykkt í tölvupósti á milli jóla og nýárs og staðfestist það hér með.

3. Fulltrúar frá Vegagerðinni mæta til fundarins.

Til fundarins mættu Einar Þorvarðarson, Pálmi Þorsteinsson, Ingólfur Árnason og Sveinn Sveinsson frá Vegagerðinni og Stefán Skaftason frá Landgræðslunni. Rætt um aðkomu Vegagerðarinnar að sameiginlegu viðhaldi Landgræðslunnar, sveitarfélagsins, ofl. á Reykjahlíðargirðingu. Fram kom að Vegagerðin er tilbúin að leggja til sem samsvarar áætluðu viðhaldi á 17,2 km. langri girðingu sem greitt yrði til Landgræðslunnar sem sæi um viðhaldið. Fram kom hjá Stefáni að viðhaldskostnaður girðingarinnar væri á bilinu 250-500 þús á ári. Samhliða aðkomu Vegagerðarinnar yrði að auglýsa bann við lausagöngu búfjár. Rætt var um girðingu neðan vatns þ.e. frá Sortulæk að Vagnbrekku. Vegagerðin samþykkir að greiða fyrir framkvæmdina næsta vor ca 3 km. Ýmislegt fleira rætt m.a um óviðundi aðkomu að Belgjarfjalli og hvað væri til ráða til að bæta þar úr. Ákveðið að sveitarstjórn ítrefi fyrri bréf þar um. Þá var Vegagerðinni bent á að ofaníbúður á heimreiðinni að Haganesi sem settur var í vegin 2008 er óviðunandi sökum hálfu þegar þannig viðrar. Vegagerðin ætlar að kanna hvað hægt er að gera til úrbóta. Sveitarstjóri vék að

greiðslum fyrir viðhald girðinga meðfram þjóðvegi, þrátt fyrir ákvæði í reglugerð nr. 325/1995, berast landeigendum ekki greiðslur frá Vegagerðinni að viðhaldi loknu. Pálmi sagðist skyldi athuga hverju sætti. Að endingu ræddu menn framkvæmd vetrarþjónustu á helmingamokstri á vegum í Skútustaðahreppi. Samþykkt að senda erindi til Vegagerðarinnar í anda þeirra athugasemda sem fram komu.

4. Erindi frá Norðurþingi dags. 28. des, þar sem óskað er athugasemda við tillögu að Aðalskipulagi Norðurþings 2009-2029.

Með bréfi dags. 28. desember s.l. óskar Skipulags- og bygingafulltrúi Norðurþings, Gaukur Hjartarson eftir athugasemdum og ábendingum sveitarstjórnar við tillögu að Aðalskipulagi Norðurþings 2009-2029, ásamt umhverfisskýrslu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framkomna tillögu.

5. Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þing, þar sem tekin er fyrir fjárhagsáætlun 2010.

Fyrir fundinum liggur fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga dags. 18. desember. Þar er m.a. tekin fyrir fjárhagsáætlun ársins 2010, og gert ráð fyrir tapi af rekstri félagsins uppá rúmar 50 milljónir. Einnig kemur fram í fundargerðinni að innkallaðar verði eftirstöðvar af hlutafjárukningunni sem samþykkt var.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.

6. Bréf frá Pétri Snæbjörnssyni f.h. stjórnar Baðfélags Mývatnssveitar dags. 6. jan.

Borist hafa tvö bréf frá Pétri Snæbjörnssyni f.h. Baðfélags Mývatnssveitar þar sem tilkynnt er um viðskipti með hluti í Baðfélaginu og hluthöfum gefin kostur til 10 mars til að nýta forkaupsrétt sinn.

Sveitarstjórn hyggst skoða hvort forkaupsrétturinn verði nýttur.

7. Samningaumleitaniir við Landeigendur Reykjahlíðar v/vatnstanks.

Skútustaðahreppur hefur staðið í samningaumleitunum við Landeigendafélag Reykjahlíðar hf. um land undir vatnstank. Sveitarfélagið hefur sent inn tilboð í leigu landsins sem hefur verið hafnað. Þann 5. nóvember sl. sendi Regula lögmannsstofa, fyrir hönd sveitarfélagsins inn kauptilboð í 2294 fermetra lóð undir vatnstank. Því tilboði hefur ekki verið tekið en óskað er frekari útskýringar á tilboðinu. Sveitarstjórn felur Regulu lögmannstofu að senda Landeigendafélagi Reykjahlíðar hf. frekari útskýringar á kauptilboðinu. Sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson.